






Þjónustujöfnuður dregst saman milli ára

Þjónustuútflutningur nam 708,7 ma.kr. á síðasta ári og jókst hann um 32,9 ma.kr. eða um 4,9% milli ára. Þjónustuinflutningur nam hins vegar 463 ma.kr. og jókst hann um 58,6 ma.kr. eða um 14,5%. Þjónustujöfnuður nam því 245,7 ma.kr. og dróst saman um 25,7 ma.kr. Þetta er í fyrsta skiptið síðan 2014 að þjónustujöfnuður dregst saman en þá dróst hann saman um 6,9 ma.kr. Jöfnuður þjónustu er þrátt fyrir það hár í sögulegu ljósi og er þetta þriðji mesti þjónustujöfnuður í íslenskri hagsögu á eftir árunum 2016 og 2017. Samdráttinn í þjónustujöfnuði síðasta árs má í raun rekja til meiri vaxtar í innflutningi þjónustu en útflutningi þjónustu.

Ferðaþjónusta leggur enn sitt lóð á vogarskálarnar

Sé litið til útflutningsins lögðu ferðalög mest til vaxtarins á síðasta ári en þar er átt við neyslu erlendra ferðamanna hér á landi. Þessi liður nam 337,4 ma.kr. á síðasta ári borið saman við 321,7 ma.kr. árið á undan. Aukningin nam því 15,6 ma.kr. eða um 4,6%. Þessi aukning stendur því á bak við tæplega helminginn af heildaraukningu í útflutningi þjónustu á síðasta ári en hann var 32,3 ma.kr. Hlutfallsleg aukning í ferðalögum rímar vel við fjölgun erlendra ferðamanna sem var 5,5% á síðasta ári. Hægt hefur verulega á vexti ferðaþjónustunnar á síðustu misserum og eru ákveðnar blikur á lofti varðandi vöxtinn á þessu ári. Þessar blikur snúa m.a. að áframhaldandi rekstri Wow air og áhrifum kjaraviðræðna en líkur eru á að verkföll muni hafa bein áhrif á veitinga- og hótélgeirann. Spá Isavia, sem hefur bestu yfirsýnina yfir áætlaðar komur erlendra ferðamanna hingað til lands, gerir ráð fyrir að erlendum ferðamönnum muni fækka um 2,5% á þessu ári. Ef sú spá gengur eftir mun það verða í fyrsta skiptið síðan árið 2010 að erlendum ferðamönnum fækkar milli ára. Framlag farþegaflutninga var mun minna en ferðalaga eða tæplega 2 ma.kr. en þeir jukust úr 180,2 ma.kr. í 182,2 ma.kr. milli ára eða um 1,1%. Tekjur af





farþegaflutningum fylgjast ekki jafn vel að við fjölgun ferðamanna hér á landi enda kemur umtalsverður hluti teknanna til vegna erlendra ferðamanna sem koma í raun ekki til landsins sem ferðamenn heldur millilenda einungis hér á landi og flokkast því sem skiptifarþegar. Alls nam útflutningur ferðaðjónustu því 519,5 ma.kr. og jókst hann um 3,4% milli ára.

Samgöngur án farþegaflutninga jukust um 12,8%

Af öðrum liðum sem einnig lögðu til jákvætt framlag til vaxtarins má nefna að tekjur af samgöngum og flutningum án farþegaflutninga jukust um 7,1 ma.kr. eða 12,8%. Önnur viðskiptaþjónusta jókst um 4,1 ma.kr. eða 11,7%. Tekjur tveggja liða drógust saman en þetta voru annars vegar menningar- og afþreyingarþjónusta og hins vegar tekjur af innlendum hugverkum.


Aukin ferðalög Íslendinga standa bak við stærstan hluta aukningar á innflutningi þjónustu

Líkt og með útflutninginn eru það einnig ferðalög sem skýra mest af vextinum. Innflutningur þjónustu jókst um alls 58,6 ma.kr. en þar af jókst innflutningur vegna ferðalaga Íslendinga erlendis um 21,6 ma.kr. eða 37% af aukningunni. Vöxtur í innflutningi ferðalaga Íslendinga nam 10,9% og er sá vöxtur í ágætu samræmi við þá fjölgun brottfara Íslendinga frá landinu sem varð milli árána 2017 og 2018 en hann var 7,9%. Enn eitt metið í fjölda brottfara Íslendinga var slegið á síðasta ári þegar rúmlega 668 þúsund Íslendingar fóru út fyrir landsteinana. Fyrri metið var árið 2017 þegar fjöldinn nam tæpum 619 þúsund. Töluvert hægði þó á fjölgun brottfara milli 2017 og 2018. Þannig var fjölgun brottfara árið 2017 um 15,4% en fór niður í 7,9% á síðasta ári. Fjölgunin var hröð á fyrsta fjórðungi síðasta árs eða 20,1% en var svo töluvert minni síðustu þrjá fjórðunga ársins.


Innflutningur vegna farþegaflutninga jókst um 17,6%

Af öðrum liðum sem höfðu áhrif til aukningar á innflutningi þjónustu má nefna að önnur viðskiptaþjónusta jókst um 15,4 ma.kr. eða 16,5%. Aukning í samgöngum og flutningum nam 10,1 ma.kr. eða 13,4% en þar af jókst innflutningur vegna

Breyting í útflutningsverðmæti



Aukning brottfara Íslendinga og útgjalda til ferðalaga





farþegaflutninga með flugi um 1,5 ma.kr. eða 17,6%. Samsetningin á farþegaflutningum og ferðalögum er mjög mismunandi eftir því hvort horft er á útflutning eða innflutning. Þannig nam innflutningur farþegaflutninga einungis 4,2% af heildarinnflutningi ferðaðþjónustu en 35% í útflutningi ferðaðþjónustu. Vægi farþegaflutninga í útflutningi ferðaðþjónustu er hátt hér á landi og er leitun að landi þar sem hlutfallið er jafn hátt og hérlendis.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.